

um breyting á girðingalögum, nr. 24 1. febr. 1952.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Girðingar í lögum þessum eru:

I. Fullgildar girðingar.

a) Gaddavírsgirðing 5 strengja, einn metri á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra staura hennar en 6 metrar, eða vírnetsgirðing, er jafngildi henni að vörzlunotum.

b) Skurður eigi grynri en 1.50 m, eigi mjórri en 3 m að ofan og með 3 gaddavírsstrengjum á öðrum hvorum bakkanum, eða jafngildi gaddavírsins af vírneti. Bil milli jarðfastra girðingarstaura sé eigi meira en 5 m.

Nú leyfir aðstaðan ekki dýpri skurð eða skurðkafla en 1 metra, eða upp undir 1.50 m, og skal þá 4 strengja gaddavírsgirðing, eða jafngildi hennar af vírneti, koma á skurðbakkann.

Nú hefur styrkur verið greiddur á gróft skurðarins skv. III. lið 11. gr. jarðræktarlaganna, og skal þá aðeins greiða 60% á slíka girðingu skv. 11. gr. VI. sömu laga.

II. Stórgripagirðingar.

a) Gaddavírsgirðingar með 2 strengjum og sé eigi minna en 65 cm frá jörðu upp að neðri vírstreng.

b) Skurður eigi grynri en 2 m og eigi mjórri en 3.70 m að ofan.

2. gr.

9. gr. laganna hljóði svo:

Nú er vegur lagður gegnum tún eða ræktunarland, og skal þá sá, sem veginn leggur, kosta efnið í girðinguna báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um þau, enda sé girðingin nauðsynleg vegna nytja landsins.

Eigendum einkavega er því aðeins heimilt að girða meðfram vegum sínum, að um það hafi verið samið við landeigendur. Nú hefur slík girðing verið lögð, án þess að um hafi samizt, og geta landeigendur þá látið taka hana burt.

Þegar þjóðvegur er lagður gegnum löggirðingu, skal vegagerð ríkisins leggja til ristar og grindur í hlið á veginn eða efni í girðingu meðfram honum, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Nú er lögð milli afrétta og heimalanda girðing, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá vegagerð ríkisins að leggja til hlið á veginn og annast viðhald þess.

3. gr.

Á eftir 1. málgr. 10. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú verður ágreiningur um landamerkjagirðingu, á hvern hátt eða úr hvaða efni hún skuli gerð, og skulu aðilar þá hlíta úrskurði úttektarmanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur eigandi einkavegar girt samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 24 1. febr. 1952, en landeigandi telur sér svo mikið tjón að girðingunni, að ekki sé viðunandi, og ekki hefur náðst samkomulag um girðinguna, og skulu þá dómkvaddir menn skera úr og ákveða fullar bætur úr hendi landeiganda til eiganda girðingarinnar, ef honum er gert að skyldu að taka hana niður.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við flutningsmenn þessa frumvarps frumvarp um sama efni. Málið gekk þá í gegnum neðri deild seint á þinginu, en dagaði hins vegar uppi í efri deild. Landbúnaðarnefnd neðri deildar gerði á frumvarpi okkar nokkrar breytingar, sem voru samþykktar.

Frumvarp þetta er nú að mestu eins og neðri deild gekk frá því á síðasta þingi. Þó er nú svo frá því gengið, að styrkur til skurðar sem vörzlu kemur ekki til greina, ef hann hefur notið styrks samkvæmt III. lið 11. gr. jarðræktarlaga.

Flutningsmenn sjá ekki ástæðu til frekari greinargerðar, enda vísast til greinargerðar, er fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi.